

Berist til framkvæmdastjóra eða fjármálastjóra sveitarfélagsins

Reykjavík 5. júlí 2022
Tilvísun: 1909006LA þS
Málalykill: 00.44

Kæri lántakandi

Efni: Áreiðanleikakönnun viðskiptamanna tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun þá ber Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sínum við upphaf viðvarandi samningssambands auk þess að kanna áreiðanleika núverandi viðskiptamanna.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 140/2018 þá gerir Lánasjóðurinn kröfu um að einstaklingar, prókúruhafar og aðrir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavina gagnvart fjármálafyrirtæki, þm.t. framkvæmdastjórar og stjórnarmenn sanni á sér deili með framvísun á gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum. Þá þurfa lögaðilar að sanna deili á sér með upplýsingum úr Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu.

Af þeim ástæðum óskar Lánasjóðurinn eftir afriti af gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum (vegabréfi eða ökuskríteini) fyrir **alla nýkjörna** fulltrúa í sveitarstjórn sveitarfélagsins, sveitarstjóra og annarra sem hafa prókúru fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Að auki óskar Lánasjóðurinn eftir staðfestingu á að viðkomandi aðilar séu réttilega að prókúru eða heimild komnir, t.d. með afrit af undirritaðri fundargerð sveitarstjórnar.

Umbeðin gögn óskast send á thordis@lanasjodur.is, **fyrir 30. ágúst 2022.**

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar veitir undirrituð.

Virðingafyllst,

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.



Þórdís Sveinsdóttir, lánastjóri